

Vestmannaeyjabær
Dagný Hauksdóttir

15.maí 2026
YTRI-2026-04-446
00.11.02 Umsagnir um skipulagsmál

Efni: Ný vatnslögn til Vestmannaeyja. Tillaga að breyttu Aðalskipulagi Vestmannaeyja 2015-2035.

Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Vestmannaeyja er til auglýsingar í Skipulagsgáttinni, mál nr. 1686/2025. Umsagnafrestur er til 28.maí 2026. Hlutverk Landsnets er með lögum nr. 65/2003 að annast flutning raforku og kerfisstjórnun. Í umsögn Landsnets er fyrst og fremst tekin afstaða til málefna sem snúa að því.

Landsnet veitti umsögn dag. 19.janúar 2026 um skipulagslýsingu skipulagstillögunnar. Þar var m.a. vakin athygli á helgunarsvæði og umgengni kringum háspennustrengi Landsnets og liggja innan skipulagsvæðisins.

Í auglýstri greinargerð skipulagstillögu kemur fram í kafla 5.2.3 að framkvæmdaraðila vatnsveitu sé skylt að eiga samráð við eigendur og rekstraraðila annarra innviða, t.d. sæstrengja, einkum vegna þverunar.

Slíkt samráð er hafið og nú er unnið að gerð þverunarsamnings milli framkvæmdaraðila og Landsnets, sem snýr að þverun vatnslagnarinnar á hápsennustrengjum Landsnets.

Landsnets gerir því ekki frekari athugasemdir við skipulagstillöguna og væntir áframhaldandi samstarfs við þá aðila sem vinna að undirbúningi og síðar framkvæmd við vatnslögnina.

Virðingarfyllt

Rut Kristinsdóttir
Sérfræðingur umhverfismála